

## **173. þingflokksfundur, mánudaginn 22. ágúst 2016 kl. 13.50**

Fundinn sitja: Ásta, Birgitta og Helgi Hrafn.

Guðjón ritar fundargerð.

### **1. Fundargerð**

Fundargerð 172. þingflokksfundar var samþykkt með breytingum.

### **2. Dagskráin í dag**

Farið var yfir dagskrá þingfundar í dag.

### **3. Óundirbúnað/ störf þingsins**

Ásta Guðrún spyr heilbrigðisráðherra um tannlæknakostnað eldri borgara og öryrkja í óundirbúnum fyrirspurnartíma í dag.

### **4. Bréf úr nefndum/fundum**

Fundir forsætisnefndar og þingflokksformanna féllu niður. Helgi Hrafn greindi frá stöðu mála í allsherjar- og menntamálanefnd þar sem til umræðu eru m.a. framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, jafnréttisáætlun og bráðabirgðalög um kjörgengi. Birgitta gerði grein fyrir fundi efnahags- og viðskiptanefndar þar sem til umfjöllunar eru húsnæðismál og úrræðið sem ríkisstjórnin hefur nýlega kynnt um fyrstu fasteign. Birgitta greindi jafnframt frá fundi sínum með forseta Íslands.

### **5. Mál í forgang**

Ákveðið var að setja þingsályktunartillögu um aðild Íslands að Geimvísindastofnun Evrópu í forgang þegar kemur að afgreiðslu þingmannamála.

### **6. Fyrirspurnir/viðtöl**

Berglind svarar fyrirspurn vegna þingsályktunartillögu um kirkjujarðir í samráði við Birgittu. Birgitta sendir drög að svari varðandi menningarstefnu Pírata á þingflokkinn, áður en það verður sent á SÍM vegna fyrirspurnar. Ákveðið var að fyrirspurnir verði fluttar yfir á miðvikudagsfund.

### **7. Önnur mál**

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 14.50